

AUGLÝSING

um (2.) breytingu á gjaldskrá fyrir norræna umhverfismerkið, Svaninn, nr. 1210/2013.

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar bætist nýr stafliður, d-liður, svohljóðandi:

- d) Fyrir hús 425.000 kr. Að auki er greitt 680 kr. fyrir hvern fermetra hússins. Innifalið í gjaldinu er ein úttektarheimsókn. Greitt er sérstaklega fyrir aðrar úttektir, 76.000 kr. fyrir hverja úttektarheimsókn.

2. gr.

Við 6. gr. gjaldskrárinnar bætist nýr málsliður sem orðast svo:

Þegar um er að ræða breytingu á leyfi fyrir hús er gjaldið 152.000 kr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 1. júní 2016.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Stefán Guðmundsson.